# Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036

## Breyting á Akurgerði F3

ÖLFUS




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

**Greinargerð**

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036 skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að frístundabyggð í Akurgerði (F3) er felld út og verður svæðið skilgreint sem landbúnaðarland. Nú þegar eru þrjár lóðir byggðar. Lóðirnar verða skilgreindar sem landbúnaðarland með þeim heimildum sem það heimilar, m.a. til fastrar búsetu.

Umrætt svæði er að hluta óræktað, gömul aurkeila, hrauna og melavistgerðir skv. vistgerðarkorti NÍ ásamt mó- eða moslendisvistgerðum með miðlungs eða lág verndargildi. Hluti svæðis eru ræktuð tún.

Skipulagssvæðið er 8,6 ha.

Tilefni breytingarinnar er að áhugi landeigenda er að fækka lóðum á svæðinu, samhliða því að hafa þar fasta búsetu. Landbúnaðarland sveitarfélags stækkar sem nemur frístundabyggðinni (F3), en heildarstærð þess er ekki gefin upp í greinargerð.

Samhliða breytist tafla nr. 17 í greinargerð, þar sem frístundasvæðið Akurgerði (F3) er fellt út :

| NR. | HEITI | STÆRÐ HA | FJÖLDI HÚSA | ÓBYGGÐ HÚS | LÝSING SVÆÐIS OG SKILMÁLAR |
|---|---|---|---|---|---|
| F3 | Akurgerði | 8,6 | 10 | 7 | Ekkert deiliskipulag er í gildi. Gert ráð fyrir allt að 10 lóðum og eru 3 byggðar. |

Um landbúnaðarland gilda skilmálar í kafla 4.1.3 í greinargerð aðalskipulags.

Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið.

Umhverfisáhrif

Áhrif af breytinginni eru metin óveruleg og hefur engin áhrif umfram gildandi aðalskipulag. Vegna smæðar svæðisins sem hér um ræðir og þar sem það myndar ekki samfellu með öðru ræktunarlandi er metið að það hafi óveruleg áhrif á ræktunarmöguleika í sveitarfélaginu.

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann 26.9.2024

EMBÆTTI SKIPULAGSFULLTRÚA
SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS
10. FEB. 2025

F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

Sigurður Steinar Ásgeirsson

___________________________

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 27. mars 2025

SKIPULAGSSTOFNUN

___________________________

**Skýringar**

- Stofnvegur/stofnbraut
- Tengivegur/tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Gönguleið
- Hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Rafveita, loftlína
- Vatnsveita
- Frístundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Svæði sem breytingin nær til
- Verslun- og þjónusta
- Vatnsból
- Minjavernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Náttúruvá
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Íbúðarbyggð
- Óbyggð svæði

N

0 0,5 1 2 km

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

EFLA

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 - 2036
Breyting á Akurgerði F3

| Verk: | Blaðstærð: | Unnið: | Rýnt: |
|---|---|---|---|
| 108661 | A3 | GAL | ÁJ/IS |
| Mælikvarði: | Dags: | Breytt dags: | |
| 1:50.000 | 11.09.2024 | | |